

1865.

4. janúar.

334 rd. 41 sk., og hefir hann verið greiddur fyrirfram úr dómsmálasjóði Íslands; álitíð þér, herra stiptamtmaður, að endurgjalda eigi fé þetta úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, en Havstein amtmaður álitur, að það eigi að borgast úr ríkissjóðnum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að engin heimild er til að láta greiða kostnað þenna úr ríkissjóðnum, heldur verður að borga hann á sama hátt og annan sakamannakostnað.

Amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu hefir í dag verið kunngjörður úrskurður þessi honum til leiðbeiningar.

4. janúar.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um það, hvort greiða beri konungstíund af jörðinni Vöglum í Þingeyjar sýslu.

Með úrskurði þeim, er reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir lagt á 9. lið útásetninganna við reikninga Þingeyjar sýslu fyrir árin 1858—60, hefir því verið skotið til atkvæða dómsmálastjórnarinnar, hvort heimta skuli konungstíund af jörðinni Vöglum í Háls hreppi í Þingeyjar sýslu; hefir jörð þessi fyrrum verið opinber eign, en síðan 1815 verið eign einstakra manna. Eptir að beiðzt hafði verið álits yðar, herra amtmaður, um þetta málefni, hafði þér í bréfi dagsettu 19. febrúarmán. f. á. getið þess, að, þó að þér ekki fáið betur sæð, en að tíundarfrelsi það sem jörð þessari bar, meðan hún var opinber eign, hafi hún misst, þegar hún varð eign einstaks manns, þar sem það ekki var tekið fram í skilmálunum, þegar jörðin var seld, að hún eptirleiðis skuli undanþegin tíund, muni það að yðar hyggju ekki vera til neins að halda því fram að heimta konungstíund af jörð þessari, með því að það með hæstaréttardómi frá 16. febrúarmán. 1859 er ákvarðað, að jörðum þeim, sem áður voru eign Hólastóls, beri sama tíundarfrelsi, eptir að þær voru orðnar eign einstakra manna, eins og fyr, og koma má

fram með sömu ástæður í tilfelli því, sem hér er um rædt, og þær, sem hæstaréttardómurinn er byggður á.

1865.

4. janúar.

Eftir að stjórnarráðinu nú hafa borizt skjöl þau, er snerta málefni þetta, með bréfi yðar dagsettu 3. septembermán. þ. á., skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það sýslumanni þeim, sem hlut á að máli, að dómsmálastjórnin fellst á álit það, sem þér hafið látið í ljósi um málefni þetta.

4. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um styrk til forngripasafns á Íslandi.

4. janúar.

Útaf bænarskrá, sem hingað hafði borizt, frá tveim mönnum í Reykjavík, Jóni stúdent Árnasyni, skrifara hjá biskupinum á Íslandi, og Sigurði málara Guðmundssyni, um að þeim væri veittur 300 ríkisdala styrkur á ári til þess að stofna forngripasafn á Íslandi, það kirkju- og kennslustjórnin í bréfi dagsettu 13. janúarmán. f. á.¹ um álit fjárstjórnarinnar um það, hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu frá hálfu hins heiðraða stjórnarráðs, að kirkju- og kennslustjórnin færi þess á leit við ríkisdaginn, að veittur væri styrkur sá, sem um var sókt, og, með því að fjárstjórnin í bréfi dags. 20. s. m. mælti ámóti því, að veittur væri neinn styrkur úr opinberum sjóði til áforms þess, er um er rædt, var beiðendunum gjört kunnugt, að þeim yrði ekki að svo stöddu útvegaður neinn slíkur styrkur.

Nú hefir kirkju- og kennslustjórninni samt sem áður að nýju borizt meðfylgjandi bænarskrá frá hinum sömu mönnum, og hefir forstjóri hins konunglega forngripasafns, konferenzráð Thomsen, ritað skýrslu sína á bænarskrána. Sækja þeir enn á ný um, að þeim verði veittur styrkur til áforms þess, sem um er rædt, og taka þeir einkum fram, að það sé mjög hætt við, að Ísland missi að öllu fornmenjar þær, sem enn eru eftir í landinu, með því að ferðamenn frá útlöndum, sem alltaf eru að fjölga síðan að gufuskipa ferðir komust á milli Íslands og útlanda, á seinni árum hafa keypt og flutt burt með sér fjölda

¹) Sjá 2. bls. að framan.